

Alþingi
Erindi nr. P 135/448
komudagur 26.11.2007

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Garðabæ 23 11 2007

Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands (FÍ) um tillögu til þingsályktunar um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri, 117. mál.

Stjórn FÍ lýsir fullum stuðningi við hugmyndir um eflingu kennslu í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri. Við viljum þó ýtreka mikilvægi þess að námi í Félagsráðgjöf verði komið á fót við Háskólann á Akureyri. Það yrði til að auka líkur á því að félagsráðgjafar fari að vinna á landsbyggðinni en þar vantar oft sárlega menntaða félagsráðgjafa í störf s.s. barnavernd, félagsþjónustu, fatlaða osfr. Eins og kemur fram í tillögunni sýna rannsóknir að nemendur sem útskrifast frá Háskólanum á Akureyri setjist frekar að á landsbyggðinni. Einnig væri gott faglega og námslega að fá samkeppni í námi félagsráðgjafa og myndi auka tengsl félagsráðgjafa á landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu. Það má geta þess að Háskóli Íslands hlaut nýverið gæðavottun náms í félagsráðgjöf. Háskóli Íslands er fyrsti háskólinn á Norðurlöndum sem fær gæðavottun náms í félagsráðgjöf 2007 – 2010 frá ENQASP - European Network for Quality Assurance in Study Programs in Social Professions.

Til að fá gæðavottunina þarf að uppfylla ákveðna gæðamælikvarða sem þróaðir hafa verið af ENQASP. Gæðavottunin þýðir að námið hér uppfyllir þau gæðaviðmið sem gerðar eru kröfur um í evrópskum háskólum. Nemendur geta verið vissir um að nám í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands er viðurkennt í Evrópu og vottunin getur hjálpað þeim við að fá inngöngu í framhaldsnám erlendis og einnig að fá viðurkenningu á náminu, ef þeir hyggjast starfa í Evrópu. Gæðavottunin auðveldar einnig samvinnu á milli háskóla og þróun sameiginlegra viðmiða milli skóla.

Í úttektarferlinu fólst gerð sjálfsmatskýrslu, þar sem m.a. er gefið yfirlit yfir innihald og skipulag námsins, námsmat, rannsóknir kennara, erlent samstarf, og tölulegar upplýsingar. Síðan komu tveir erlendir úttektaraðilar og tóku út námið. Þeir tóku viðtöl við kennara, nemendur og starfandi félagsráðgjafa sem höfðu útskrifast frá HÍ. Einnig fylgdust þeir með kennslu. Að lokinni úttektinni lögðu þeir niðurstöður sínar fyrir stjórn ENQASP sem staðfesti vottun á náminu í samræmi við staðlana sem fyrir lágu. Verkefnið var m.a. styrkt af rektor HÍ og Kennslumálasjóði.

Það er mikill styrkur fyrir félagsráðgjafarskor, félagsvísindadeild og HÍ að námið fékk vottun frá ENQASP. Hér er um frumkvöðlastarf að ræða á þessu sviði og ánægjulegt að vera meðal fyrstu skólanna sem tóku þátt í gæðavottunarferlinu fyrir félagsráðgjafarnám í Evrópu.

Þetta þykir FÍ styrkja það að kominn sé tími til að hefja nám í Félagsráðgjöf við Háskólann á Akureyri

f.h stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands



Páll Ólafsson
formaður